

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulagsbreyting, Vatnsleysa, land B, L188581, Kriki.*  
Breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Vatnsleysu, lands A, B og C. Gildandi deiliskipulag tekur til þriggja lóða úr landi Vatnsleysu þar sem gert er ráð fyrir frístundahúsi og 25 m<sup>2</sup> geymslu eða gestahúsi á hverri lóð með nýtingarhlutfall allt að 0,03. Í breytingu á gildandi deiliskipulagi felst eftirfarandi: Skipulagssvæðið stækkar til vesturs og sameinast landi B. Í samræmi við nýja breytingu á gildandi aðalskipulagi Bláskóga-  
byggðar 2015-2027, sem öðlaðist gildi 17. febrúar 2020, breytist notkun Vatnsleysu, lands B, úr frístundabyggð og verður svæðið landbúnaðarland að breytingu lokinni og fær nýtt staðfang, Kriki, og verður heimilt að byggja einbýlishús og stofna nýtt lögbýli.  
Samþykkt í sveitarstjórn 1. október 2019.
2. *Deiliskipulagsbreyting, Kjóstaðir 2, tjaldsvæði, L229267.*  
Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi fyrir asísk hirðingjatjöld að Kjóstöðum II, L229267, í Biskupstungum. Breytingin felst í að byggingarreitur fyrir snyrtingu er færður til innan lóðarinnar og er einnig veitt heimild til að reisa tvö 50 m<sup>2</sup> þjónustutjöld umfram þau 10 tjöld sem ætluð eru til útleigu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 27. febrúar 2020.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 31. mars 2020.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 21. apríl 2020